Nd. **222. Frumvarp**

til l. um breyting á l. nr. 15, 14. júní 1929, um breyting á lögum um útflutningsgjald af síld o. fl.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Jón Ólafsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Fyrsti og annar málsliður í upptalningu 1. gr. laganna falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

## Greinargerð.

Útflutningsgjald af síld og síldarafurðum er nú svo hátt, kr. 1,00 af tunnu saltsíldar og kr. 1,00 af 100 kg. síldarmjöls, að það eykur stórkostlega á erfiðleika síldveiðenda. Er þó sízt á þá bætandi. Virðist eðlilegast, að sama gjald sé tekið af þessum vörum og öðrum útflutningsvörum, og hefir frv. þess efnis verið lagt fyrir Alþingi.